

Filmus Productions
Háagerði 81
108 Reykjavík



Reykjavík 22. júlí 2015
UST201507-103/S.P.
09.06.01

Efni: Kvikmyndataka við Rauðhóla, Kleifarvatn og Seltún

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Filmus ehf. dagsett 16. júlí 2015, vegna leyfis til kvikmynda- og ljósmyndatöku við Rauðhóla og innan Reykjanesfólkvangsins (við Kleifarvatn og Seltún) á tímabilinu 28-30. júlí 2015.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða upptöku á auglýsingu fyrir þýska vörumerkið Cincodesign, fyrirsætur og einn hestur verða mynduð. Alls munu 18 manns koma að verkefninu. Verkefnið mun ekki hafa í för með sér neitt rask nema þá mögulega eftir hestinn. Hvorki verður þörf á að takmarka umferð né ferð gangandi fólks. Engar búðir verða settar upp. Ferðast verður á tveimur jeppum og tveimur sendibílum. Við Rauðhóla verður myndað á stígum, við Kleifarvatn verður myndað í fjörunni og að lokum verður myndað á túninu fyrir neðan Seltún.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur það svo að myndatökurnar, eins og þeim hefur verið lýst, muni ekki hafa í för með sér neitt rask, verði skilyrðum Umhverfisstofnunar fylgt.

Rauðhólar voru friðlýstir sem fólkvangur, sbr. auglýsing nr. 185/1974 í B-deild Stjórnartíðinda. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið. Jarðrask er óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökunum við Rauðhóla, eins og þeim er lýst hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær tukur hefjast og hvenær þeim lýkur.
- Samþykki landeigenda fáist fyrir kvikmyndatökum.
- Afla skal leyfis Matvælastofnunar (MAST) vegna notkunnar hestsins.
- Rauðhólar eru innan vatnsverndarsvæðis og því skal afla leyfis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- Ef loka þarf stígunum vegna myndatökunar skal merkja svæðið og láta hagsmunaaðila sem nýta svæðið vita fyrirfram.
- Að skilið verði við svæðið eins og komið var að því.


- Allur akstur utan vega og merktra slóða er bannaður, skv. 17. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Filmus ehf. skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.


Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökunum við Kleifarvatn og Seltún, eins og þeim er lýst hér að framan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær tökur hefjast og hvenær þeim lýkur.
- Hafa skal samband við landvörðinn Óskar Sævarsson áður en tökur hefjast.
- Samþykki landeigenda fáist fyrir kvikmyndatökum.
- Afla skal leyfis Matvælastofnunar (MAST) vegna notkunar hestsins.
- Filmus ehf. skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.
- Að skilið verði við svæðið eins og komið var að því
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er bannaður skv. 17. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Við Seltún skulu allir þeir sem koma að myndatökunni halda sig innan afmarkaðra gönguleiða þann tíma sem dvalið er á svæðinu. Óheimilt er að staðsetja og/eða geyma tækjabúnað utan afmarkaðra gönguleiða.

Virðingarfyllt


Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri


Svava Pétursdóttir
Sérfræðingur